

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

September 2025

Gaza

Utanríkisráðherra greindi fyrr í þessum mánuði frá aðgerðum sem ríkisstjórn Íslands hygðist beita gegn Ísrael vegna hernaðar þeirra á Gaza. Aðgerðirnar voru þær að fríverslunarsamningur við Ísrael yrði ekki uppfærður, vörur frá her-
numdum svæðum yrðu merktar, farið yrði fram á farbann yfir tveimur ísraelskum ráðherrum og málsókn Suður-Afríku gegn Ísraelum yrði studd.

Viðhorf landsmanna til viðbragða íslenskra stjórnvalda við ástandinu á Gaza var kannað í byrjun ágúst og aftur nú. Lítils-
háttar breyting hefur orðið í þá átt að þeim fjölgar sem telja að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér minna.


Enn telja þó rúmlega fjórir af hverjum tíu að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér meira þegar kemur að ástandinu á Gaza-
svæðinu. Rúm 32% telja að íslensk stjórnvöld séu að beita sér nægilega og ríflega 27% að þau ættu að beita sér minna.

Hver eftirfarandi fullyrðinga er næst þinni skoðun?



- Ég tel að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér meira þegar kemur að ástandinu á Gaza svæðinu
- Ég tel að íslensk stjórnvöld séu að beita sér nægilega þegar kemur að ástandinu á Gaza svæðinu
- Ég tel að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér minna þegar kemur að ástandinu á Gaza svæðinu

Konur telja frekar en karlar að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér meira þegar kemur að ástandinu á Gaza-svæðinu. Karlar telja aftur á móti frekar en konur að þau ættu að beita sér minna. Fólk með háskólapróf telur frekar en fólk með minni menntun að baki að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér meira. Þau sem kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag eru líklegust af þeim sem kysu einhvern af stærstu flokkunum til að telja að stjórnvöld ættu að beita sér meira. Þau sem kysu Miðflokkinn telja helst að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér minna.



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Hver eftirfarandi fullyrðinga er næst þinni skoðun? (Ég tel að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér meira þegar kemur að ástandinu á Gaza svæðinu, Ég tel að íslensk stjórnvöld séu að beita sér nægilega þegar kemur að ástandinu á Gaza svæðinu eða Ég tel að íslensk stjórnvöld ættu að beita sér minna þegar kemur að ástandinu á Gaza svæðinu)

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 11. til 28. september 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.869 og þátttökuhlutfall var 42,9%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup. Megnið af svörum könnunarinnar kom inn 3-5 dögum eftir að tilkynnt var um aðgerðirnar.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.